

## L Ö G

## um breyting á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Undirfyrirsagnir I. og II. í 8. kapitula B. falli niður.

## 2. gr.

82. gr. orðist þannig:

Á undan öllum öðrum skuldum búsins ganga, sbr. þó 83. gr. 3. mgr.:

1. Úttararkostnaður hins framliðna eftir reikningi, sem skiptaráðandi úrskurðar.
2. Skiptakostnaður, þó ekki skiptagjöld í rikissjóð.
3. Kröfur stofnaðar eftir upphaf skipta með löglegum samningum, sem skiptaráðandi eða aðrir umráðamenn búsins gera fyrir þess hönd.

## 3. gr.

83. gr. orðist þannig:

Næstar kröfum skv. 82. gr. ganga veðtryggðar kröfur og kröfur tryggðar með öðrum tryggingarréttindum í búinu.

Fjármuni í búinu, sem aðrir eiga tryggingarréttindi í, skal selja á löglegan hátt eftir ráðstöfun skiptaráðanda og greiða réttihafa af andvirði eignarinnar, að frádrægnum kröfum skv. 3. mgr. þessarar greinar, en afgangurinn rennur saman við aðrar eignir í búinu. Um forgang einstakra réttihafa fer að lögum, en kröfur tryggðar með sjálfsvörsluveði í lausafé og almennu lögveði koma í kröfuröð eftir þinglýsingarreglum með sama hætti og aðrar veðkröfur, sem þær reglur skipa í röð. Óþinglýstar kröfur tryggðar með almennu lögveði ganga á eftir öðrum kröfum eftir þessari grein.

Kröfur skv. 82. gr. 2. og 3. liðum ganga fyrir kröfum skv. þessari grein að því leyti, sem þær að öllu eða nokkru snerta hin óbeinu eignarréttindi.

## 4. gr.

84. gr. orðist þannig:

Næstar kröfum skv. 82. og 83. gr. ganga að réttu tillölu við fjárhæð hverrar kröfu:

1. Kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu hins látna, sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 6 mánuðum fyrir andlátíð.
2. Bótakröfur vegna slita á vinnusamningi eftir upphaf skipta eða á síðustu 6 mánuðum fyrir upphaf skipta.
3. Kröfur til orlofsfjár vegna launa, sem unnið hefur verið fyrir á orlofsárinu fyrir upphaf skipta og á yfirstandandi orlofsári.
4. Gjöld til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða og annarra slíkra styrktarsjóða, sem vinnuveitendun ber að greiða skv. kjarasamningum eða lögum og reiknuð eru sem hlutfallstala af kaupi launþega, fyrir sama tíma og í 1. tl. greinir.
5. Kröfur skv. 1.—4. tl. frá fyrri tíma en þar greinir, ef mál hefur verið höfðað til heimtu þeirra innan 6 mánaða frá gjalddaga og dómur gengur á síðustu tveimur mánuðum fyrir upphaf skipta eða síðar.

6. Kröfur í bú þeirra, sem hafa sem opinberir sýslunarmenn með sjálfstæða fé­gæslu fengið í sínar vörslur fé annarra, enda sé um kröfu til slíks fjár að ræða.

7. Kröfur maka, fyrrverandi maka og barna til lífeyris og meðlags síðasta árið fyrir upphaf skipta, enda séu greiðslur þessar ákveðnar með yfirvaldsúrskurði, þar á meðal staðfestum skilnaðarsamningi, þær fáist ekki greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins og séu ekki ósanngjarnar miðað við aðstæður, þegar þær voru ákveðnar.

8. Sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauð­synlegur kostnaður við slíkar tilraunir.

### 5. gr.

85. gr. orðist þannig:

Þegar lokið er öllum skuldum skv. 82.—84. gr., skal verja því, sem eftir er af fé búsins, til að greiða allar aðrar skuldir þess að rétttri tiltölu við upphæð hvernar skuld­ar, sbr. þó 86. gr.

### 6. gr.

86. gr. orðist þannig:

Þegar lokið er öllum skuldum skv. 82.—85. gr., skal greiða í neðantalinni röð:

1. Kröfur um vexti, sem á hafa fallið eftir upphaf skipta, nema vexti af kröf­um skv. 82. gr.

2. Kröfur um refsingar eða refsikennd viðurlög, þ. á m. skattsektir, ef slíkar kröfur verða heimtar úr búinu, svo og kröfur um féviti einkaréttarlegs eðlis, nema í þeim mæli, sem í þeim felast skaðabætur.

3. Gjafakröfur.

### 7. gr.

87. gr. orðist þannig:

Við framsal eða önnur aðilaskipti að kröfu fylgja réttindi í búinu skv. 82.—86. gr., nema um sé að ræða kröfu skv. 84. gr. 6. tölul., sem opinber aðili hefur eignast. Nú greiðir samskuldari bús kröfu, og fer þá um framkröfu hans á hendur búinu með sama hætti og kröfuna, sem greidd var, en þó rýrir það ekki sjálfstæð tryggingar­réttindi, sem samskuldari á.

### 8. gr.

88. og 89. gr. falli niður.

### 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*